



Ragnhildur Helgadóttir er prófessor
við lagadeild Háskóla Íslands í Reykjavík.

**Ragnhildur Helgadóttir:
PÓLITÍSK ÁBYRGÐ RÁÐHERRA - SAMSPIL ÞINGRÆDIS-
REGLU OG ÞINGEFTIRLITS***

EINNSYFIRLIT:

- 1. INNGANGUR**
- 2. ÞINGRÆDISREGLAN: INNTAK, EDLI OG ÁHRIF Á ÞING-
EFTRLIT OG ÁBYRGÐ RÁÐHERRA**
- 3. SKILGREINING OG HAGNÝT AFMÖRKUN Á ÞINGEFTIR-
LITI**
- 4. HVAD FELST Í PÓLITÍSKRI ÁBYRGÐ RÁÐHERRA OG
HVERNIG HEFUR REYNT Á HANA Á ÍSLANDI?**
- 5. KÉTTARSTAÐAN VARDANDI PÓLITÍSKA ÁBYRGÐ OG
ENDAMÖRK LAGAREGLNA UM HANA**
 - 5.1 Vantrauststillögur**
 - 5.2 Ráðherra víkur án vantrausta**
 - 5.3 Óformleg gagnrýni í þinginu**
 - 5.4 Formleg gagnrýni á embættisfærslu ráðherra**
 - 5.5 Ályktanir**
- 6. HELSTU UMHUGSUNARATRIDI OG SAMANTEKT**

* Þessi hefur staðist þær fræðilegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt verklags- og
þingfélögum Íslandsins lögfræðinga.

1. INNGANGUR

Í þessari grein verður fjallað um pólitískra ábyrgð ráðherra. Þessi ábyrgð, sem einnig hefur verið kölluð þingleg ábyrgð, er sá hluti ráðherraábyrgðar sem minnst hefur verið fjallað um í lögfræði. Lög um ráðherraábyrgð og um landsdóm hafa hlitið mun meiri athygli á þeim vettvangi. Þetta efni er að því leyti erfitt viðfangs fyrir lögfræðinga, að um það gilda aðeins að hluta til lagareglur. Skýrt dæmi er að eins og nánar verður lýst verður vantrauststillaga samþykkt á ráðherra án þess að um það gildi aðrar lagareglur en formreglur þingskapa um framlagningu og meðferð vantrauststillagna. Formreglurnar gilda hins vegar og þess vegna var nokkuð langt gengið þegar Ólafur Jóhannesson og Gunnar G. Schram skrifuðu að pólitískra ábyrgðin væri „engum lagaregulum háð“.¹ Það er því nauðsynlegt fyrir lögfræðinga að horfast í augu við það að þrátt fyrir að lögfræðin veiti aðeins takmörkuð svör þurfa þeir að láta pólitískra ábyrgð ráðherra sig varða. Fyrir því eru m.a. þau rök, að tilkoma og þróun þingræðisreglunar og pólitískrar ábyrgðar breytti réttarstöðunni varðandi alla stöðu ráðherra – líka lagalegri ábyrgð þeirra – og hefur enn afgerandi áhrif bæði á ráðherraábyrgðina og á þingeftirlitið. Skilningur á pólitískri ábyrgð ráðherra er því nauðsynlegur til að áttu sig að þessum réttarreglum. Þá er full ástæða til að ígrunda úrræði tengd pólitískri ábyrgð ráðherra og þá einkum hvort ástæða sé til að setja frekari reglur um hana.

Hér er þess vegna gengið út frá því að það sé lögfræðilega mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað felist í pólitískri ábyrgð ráðherra, skoða lagaumhverfi hennar, hvernig framkvæmdin hefur verið og því hversu langt nágildandi reglur ná. I því skyni verður fjallað um eftirfarandi atriði:

- Inntak þingræðisreglunar og áhrif þingræðis á ábyrgð og réttarstöðu ráðherra.
- Skilgreiningu og afmörkun þingeftirlits.
- Hvað felst í pólitískri ábyrgð ráðherra með hlíðsjón af þingræðisreglu og þingeftirliti og hvernig hefur framkvæmdin verið?
- Hvar mörk lögfræðinnar liggi að því er snertir pólitískra ábyrgð ráðherra.

Á þessum grundvelli verða svo dregnar ályktanir um efni íslensks stjórnskipunarréttar að þessu leyti og reynt að meta hvort breytinga sé þörf.

1 Sjá Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Háskólaútgáfan 1999, bls. 170: [...] þeir bera pólitískra ábyrgð athafna sínna eða athafnaleyssis gagnvart Alþingi. Þinglega ábyrgðin er því pólitískra en ekki lagalegs eðlis. Hún er algerlega komin undir mati Alþingis hverju sinni. Hún er engum lagaregulum háð. Hér verður því eingöngu fjallað um ábyrgð ráðherra að lögum.“

2. ÞINGRÆÐISREGLAN: INNTAK, EDLI OG ÁHRIF Á PINGEFTIRLIT OG ÁBYRGÐ RADHERRA

Það hefur verið ómundelt í áratugi að þingræðisreglan er regla með stjórnarskrárgildi. Það hefur hins vegar bæði verið óljóst (og sennilega í mótnum fyrir venju) hvað felist í henni og svo hefur ekki verið alveg skýrt af hverju hún teljist hafa stjórnarskrárgildi.

Meginatriði þingræðisreglunnar er, að enginn getur verið ráðherra án þess að Alþingi styðji hann eða poli í embætti. Af þessu leiðir augljóslega tvennt: Í fyrsta lagi að ráðherrum er skylt að víkja sé samþykkt að þá vantrauststillaga og hins vegar að óheimilt er að skipa menn í ráðherraembætti sem fyrirfram er ljóst að njóta ekki stuðnings þingsins.

Fræðimenn hafa gjarnan vísað til þess að þingræðisreglan helgist að hluta til af stjórnskipunarvenju² og að hluta til af 1. gr. stjórnarskrárinnum.³ Úg er þeirrar skoðunar að þingræðisreglan eigi svo skýra stod í 1. gr. stjórnarskrárinnum að telja verður að hún seki réttarheimildagildi sitt fyrst og fremst þangað. Hér skiptir ástæða réttarheimildagildis hennar þó litlu máli. Það nægir að enginn vafi leikur á því að þingræðisreglan er ein af grundvallarreglum stjórnskipunarinnar og hefur stjórnarskrárgildi. Hún á það svo sameiginlegt með fleiri meginreglum stjórnskipunarinnar (t.d. reglunni um rétt til réttlátrar málsméðferðar) að fela í sér meginreglu með stjórnarskrárgildi sem aðrar reglur standa svo til fyllingar; sumar með stjórnarskrárgildi, sumar venjumótaðar en ekki stjórnarskrárvenjur og svo margar í almennum lögum.⁴

Það er ekki skýrt í öllum smáatriðum hvaða reglur tilheyri þingræðisreglunni sjálfri og hverjar standi henni til fyllingar. Þessi óskýrleiki kemur ekki til af því að þingræðisreglan er að mestu óskráð þó hún eigi stod í 1. gr. stjórnarskrárinnum. Því verður t.a.m. seint haldið fram að 15. gr. stjórnarskrárinnum eða sú 24. (að ekki sé minnst á 1. eða 2. gr.) séu lýsandi dæmi um skýr stjórnarskrárkvæði

2 Sjá Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 36.

3 Sjá m.a. Olaf Jóhannesson: *Stjórnskipun Islands*. Hlaðbúð 1960, bls. 138 og Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 28.

4 Deila má um, með góðum rökum, hvers efnis sumar reglur tengdar þingræðisreglunni séu og hváða réttarheimildalegu stöðu þær hafi. Svo daemi sé tekið hefur það verið venja frá því á 3. áratugnum að meirihluta stjórn sem tapað hefur fylgi í kosningum og nýtur því ekki lengur stuðnings meirihluta þingsins segi af sér strax en biði ekki eftir því að þing komi saman og samþykki vantraust. Úg er þeirrar skoðunar að hér sé um að rœða venju, sem á 80 árum hafi orðið að stjórnskipunarvenju, og að það væri þingræðisbrot ef stjórn, sem misst hefur meirihluta sinn, neitái að biðjast lausnar fyrir en þing hefði komið saman og samþykkt vantraust. En um réttarheimildalegu stöðu þessarar venju má sannarlega deila.

sem ekki þurfi að deila um og þá má velta fyrir sér hve skýr og afmörkuð stjórnarskrárvæði eigi yfirleitt að vera. Undanfarin ár hafa hinar norðurlandaþjóðirnar allar tekið ákvæði um þingræði beint upp í stjórnarskrá, núsíðast Noregur, en stjórnarskrárbreytingin þar tók gildi 2009.⁵ Í 15. gr. norsku stjórnarskrárinna segir nú:

Enhver, som har Sæde i Statsraadet, er pligtig til at indlevere sin An-søgning om Afsked, efter at Storthinget har fattet Beslutning om Mistillid til vedkommende Statsraad alene eller til det samlede Statsraad.

Kongen er forbundin at indvige slig An-søgning om Afsked.

Naar Storthinget har fattet Beslutning om Mistillid, kunne bare de For-retninger udføres, som ere nødvendige for en forsvarlig Embedsførsel.

Í Danmörku hefur ákvæði um áhrif vantrausta, og þar með um þingræði, verið í stjórnarskrá frá 1953.⁶

I sánsku og finnsku stjórnarskránum segir, ólíkt þeim dönsku og norsku, ekkert um vantrauststillögur. I finnsku stjórnarskránni segir hins vegar í 2. mgr. 3. gr.: „The governmental powers are exercised by the President of the Republic and the Government, the members of which shall have the confidence of the Parliament.“ Og í 2. mgr. 1. gr. Regeringsformen segir: „Den svenska folkstyrelsen bygger på fri åsiktsbildning och på allmän och lika rösträtt. Den förverkligas genom ett representativt och parlamentariskt stats-skick och genom kommunal självstyrelse.“

Hvergi hafa aðar reglur um þingræði en meginreglur verið teknað upp í stjórnarskrá. I Svíþjóð og Finnlandi er tiltekið að í ríkj-unum skuli vera þingræði eða að ríkisstjórnin skuli njóta trausta þingsins en í Noregi og Danmörku er kveðið a um það í stjórnarskrá að ráðherrar, einn eða fleiri, skuli víkja fyrir vantrausti. Þannig er fátt að finna í þessum stjórnarskrárvæðum sem ekki er nú þegar talið óumdeilt hér á landi. Ær þar helst um að ræða ákvæði dönsku og norsku stjórnarskráanna um takmörkun á valdsviði starfssjórnna (í Danmörku) og stjórna sem hafa fengið á sig vantraust (Noregur), en þau verða ekki rædd frekar hér. Öll norrænu stjórnarskrárvæð-

5 Nordmenn tóku ákvæði um þingræði í stjórnarskrá sína árið 2007, en þingræðisreglan hafði gildi óskráð frá því um 1885.

6 Frá upphafi 20. aldar til 1953 gilti þingræðisreglan óskráð í Danmörku. Í 15. gr. stjórnarskrárinna frá 1953 segir:

Ingen minister kan forblive i sit embede, efter at folketingset har utdelt sin mistillid til ham.

Utdaler folketingset sin mistillid til statsministeren, skal denne begere ministeriets afsked, medmindre nyvalg udskrives. Et ministerium, som har fået et mistillidsvotum, eller som har begæret sin afsked, fungerer indtil et nyt ministerium er udnævnt. Fungerende ministre kan i deres embede kun foretage sig, hvad der er til embedsforretningernes ufor-styrrede forelse.“

in þurfa túlkunar við rétt eins og þingræðisreglan hér. Útfærslu-atriði og reglur sem standa þingræðisreglunnar sjálfi til fyllingar, er á hinum Norðurlöndunum, eins og hér, ýmist að finna í almennum lögum eða þau eru venjumynduð og óskráð.

Að því er snertir áhrif þingræðisreglunnar á þingeftirlit og ábyrgð ráðherra þá er þess að geta að þingræði komst á hér á landi samhlíða stjórnarskrárbreytingunum 1904. Fram að því var staða ráðherra sú, að þeir voru skipaðir af konungi og leystir undan störfum annað hvort af honum eða með dómi fyrir embættisbrot. Úrrædi fyrir þingið til að fylgjast með embættisfærslu ráðherra og lagaleg ábyrgð ráðherra – refs- og bótaábyrgð þeirra á embættisverkum sínum – komu því til sögunnar löngu á undan þingræðinu. Þeir í Danmörku og Noregi voru höfðuð mál á hendur ráðherrum fyrir ríkisrétti á síðustu áratugum 19. alda. Þau mál – sem höfðuð voru af þingunum, rétt eins og enn tiðkast samkvæmt landsdómslögum – voru hins vegar fyrst og fremst höfðuð til embættismissis. Úrrædi þjóðþings, sem átti í deilum við ráðherra, voru tvö: Að leita til konungs og óska eftir því að ráðherrann yrði leystur frá störfum eða að stefna honum fyrir ríkisrétti til embættismissis. Eingöngu síðarnefnda leiðin var möguleg ef deilurnar voru ekki aðeins við ráðherra heldur ráðherra og konung.

Þingraðið breytti þessu. Nú þurfti ekki lengur að reka sakamál til þess að fá ráðherra, sem naut stuðnings konungs, settan af heldur dugði viljayfirlýsing þingsins. Það er í ljósí þessa sem haegt er að segja, eins og gert er að ofan, að ráðherrar sitji beinlínis í skjóli þingsins. Þingræðið er þess vegna grunntónn í öllu þingeftirliti og eykur mjög vægi þess. „Í raun og veru“ skrifar Henrik Palmer Olsen, „er það möguleikinn á því að þvinga ríkisstjórnina til að biðjast lausnar sem tryggir að aðrir eftirlitsmöguleikar þingsins hafa raunverulegt innihald“.⁷ Helset og Stordrange taka undir það að þingræðisreglan hafi leitt til þess að ríkisstjórnir hafi mun frekar samráð við þingið en ella væri, einnig í tilvikum þegar það er ekki skyld samkvæmt lögum.⁸

Frá því um þarsíðustu aldamót hefur ekki þurft að sanna með lögfræðilegum aðferðum að ráðherra hafi framíð embættisbrot til þess að fá hann úr embætti. Ef þingræðisreglan gilti ekki, hefði þingið ekkert ráð til að koma frá þeim ráðherrum sem ekki hafa sannarlega framíð löggbrot. Vegna hennar getur þingið hins vegar komið ráðherra úr embætti af hvaða ástæðu sem er eða engri. Þingið getur samþykkt vantraust á ráðherra eða ríkisstjórn af þeirri ástæðu

7 Henrik Palmer Olsen: *Magtfordeling*. Kaupmannahöfn 2005, bls. 213.

8 Per Helset og Bjørn Stordrange: *Norsk statsforfatningsrett*. Oslo 1998, bls. 147.

einni að það vilji frekar hafa aðra stjórn. Enn frekar getur það samþykkt vantraust ef ráðherra hefur glatað trausti þingsins, t.a.m. vegna þess að hann hefur verið staðinn að því að gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Þingið hefur, í krafti þingræðisreglunnar, úrræði ef ráðherra hegðar sér á óeskilegan hátt, jafnvel þó hann hafi ekki framtið lögþróasti.

Allir eru sammála um að þessi staðreyni hafi gríðarleg áhrif á samspil þings og ráðherra.⁹ Ráðherra verður að taka tililt til spurningu og óska þingsins vilji hann halda trausti þingsins og það þarf hann að gera til að halda embætti. Hér er hins vegar hefð fyrir sterku meiri hlutastjórnunum, sem hefur áhrif á það hvernig pólitíská ábyrgðin hefur þróast. Að því verður viðið í kafla 6.

3. SKILGREINING OG HAGNÝT AFMÖRKUN Á ÞING-EFTIRLITI

Í skýrslu vinnuhóps um þingeftirlit - Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu - er visað til skilgreiningar Alþjóðaþingmanna-sambandsins, þar sem hugtakið er talið fela í sér:

the review, monitoring and supervision of government and public agencies, including the implementation of policy and legislation.¹⁰

M.a. í samræmi við þetta var þingeftirlit afmarkað með þeim hætti í skýrslunni að það fælist „í þeirri endurskóðun og því virka eftirliti sem Alþingi hefur með ríkisstjórn og stjórnsýslu“.¹¹

Tilgangur þingeftirlits er einnig margvislegur. Pannig getur þingeftirlit farið „fram í þeim tilgangi einum að fylgjast með stjórnarframkvæmdinni án þess að slík skoðun beinist sérstaklega að embættisfaðslu ákveðinna einstaklinga“.¹² Í öðrum tilvikum beinist það að því að kanna framkvæmd laga og reglna. Þetta á sérstaklega við um ytri eftirlitsstofnanir þingsins, umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskóðun. Þá getur það verið rannsóknareftirlit vegna meintra brota ráðherra í starfi sem kunna að leiða til ákæru og landsdómsmáls en eins og menu vita fer þingið með ákæravulð vegna brota ráðherra í starfi. Loks getur eftirlitið verið ráðsmennsku-eftirlit, sem snýr að því að kanna hvernig ráðherra hafi sinnt

9 Sjá Gunnar G. Schram: *Stjórnspunarréttur*, bls. 170: „Hér verður [...] eingöngu fjallað um ábyrgð ráðherra að lögum enda þótt þinglega [pólitísk] ábyrgðin hafi vaftalaust stórum meiri áhrif á framkomu og stóri ráðherra.“

10 Hiroon Yamamoto: *Tools for Parliamentary Oversight – A Comparative Study of 88 National Parliaments*, Genf 2007, bls. 9.

11 Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu – Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fóli að fara yfir nágildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breytinga sé þörf, bls. 14.

12 Sama heimild, bls. 25.

skyldum sínum án þess að fyrir liggi nokkur grunur um lögþróasti.¹³

Samandregið er því þingeftirlit allt það eftirlit og endurskóðun sem Alþingi hefur með ríkisstjórn og stjórnsýslu, hvort heldur er til að fylgjast almennt með stjórnarframkvæmdinni eða ráðsmennsku einstakra ráðherra eða til að kanna framkvæmd einstakra laga eða reglna eða beinlínis rannsóknareftirlit til að þingið geti tekið ákvörðun um hvort það beitir ákærvaldi sínu í málí vegna meints brots ráðherra.

Að íslenskum lögum falla undir eftirlit Alþingis með ríkisstjórn og stjórnsýslu:

- a) fyrirspurnir og skýrslubeiðnir þingmanna samkvæmt 46. og 54. gr. stjórnarskrár og ákvæðum þingskapalaga;
- b) ákveðin störf fastanefnda þingsins, en kveðið er á um hlutverk þeirra í þingskapalögum;
- c) í ýmsum tilvikum utandagskrárumræður og umraður um störf þingsins, sbr. 50. gr. þingskapalaga nr. 55/1991;
- d) undirbúnungur þingsins (sem ekki er vel skilgreindur í lögum) í tengslum við mál sem fara fyrir landsdóm en Alþingi getur kert ráðherra fyrir embættisrekstu þeirra, sbr. 14. gr. stjórnarskráinnar;
- e) störf ríkisendurskóðunar samkvæmt lögum nr. 86/1997;
- f) störf umboðsmanns Alþingis samkvæmt lögum nr. 87/1997;
- g) störf rannsóknanefnda sem þingið hefur kosið í samræmi við sérstök lög, sbr. nú síðast lög nr. 142/2008;
- h) og loks störf rannsóknanefnda sem skipaðar eru þingmönnum en heimild til kosninga súlka nefnda er að finna í 39. gr. stjórnarskráinnar.

Vinnuhópur sá, sem skoðaði eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, gerði ýmsar tillögur varðandi þessi úrræði, sem nánar er lýst í skýrslu hans¹⁴ en eins og sjá má af þessari upptalningu eru sum þeirra úrræða sem þingið hefur til að sinna þingeftirliti lögþbundin að miklu leyti en önnur að litlu leyti eða engu. Sama mál gegnir um þau úrræði eða viðurlög sem þingið getur beitt ráðherra – skilyrði sumra eru lögþbundin að einhverju leyti en annarra alls ekki. Verður nánar fjallað um þetta í kafla 5.

4. HVAÐ FELST Í PÓLÍTÍSKRI ÁBYRGÐ RÁÐHERRA OG HVERNIG HEFUR REYNT Á HANA Á ÍSLANDI?

Spurningin sem þarf að svara er þessi: Á hvaða lagagrundvelli sæta ráðherrar pólitískri ábyrgð á gerðum sínum? Til að það sé hægt þarf fyrst að átta sig á því hvenær ráðherrar eru látnir sæta pólitískri ábyrgð í þeim skilningi að ólögmæt eða gagnrýniverð háttsemi þeirra hafi afleiðingar fyrir þá í starfi.

13 Sama heimild, bls. 25.

14 Sama heimild, bls. 282-287.

Því var lýst hér að ofan, að þingið getur samþykkt vanraust á ráðherra mislíki því störf hans eða framkoma eða vilji það frekar hafa annan ráðherra. Í krafti þingræðisreglunnar verður ráðherra eða ríkisstjórn sem hefur hlutið vanraust að biðjast lausnar.¹⁵ Því hefur sómuleiðis þegar verið lýst hvað í þingeftirliti felst að íslenskum lögum. Ein aðferð við að nálgast það hvað sé pólitisk ábyrgð er því að líta til þess hvaða „endi“ mál þar sem ráðherra er borinn sökum um afglöp eða brot í starfi hafa fengið hér og í nágrennalaðendum.

Bær ber þá fyrst að nefna, eins og vikið var að hér að ofan, að missi ráðherrara traust þingsins getur þingið samþykkt á þá vanraust. Petta er mjög óvenjulegt úrræði vegna meintra brota eða afglapa í starfi, því þingið getur einnig beitt því án þess að grunur sé uppi um nokkuð slíkt.¹⁶ Eðli vanrausta er þannig tvíþætt; það er ekki aðeins (og varla einu sinni aðallega) úrræði vegna meintra embættisbrota ráðherra heldur fyrst og fremst ráð fyrir þingið til að koma ráðherra frá að einhverjum allt öðrum ástæðum eða engum. Í reynd er sjaldgæft að vanraust sé samþykkt á ráðherra í tengslum við meint brot hans í starfi. Vanraust hefur aldrei verið samþykkt á einstakan ráðherra á Íslandi, þó það hafi prísvar sinnum¹⁷ verið bornar fram slískar tillögur eftir að ráðherrar urðu fleiri en einn árið 1917.

Í umfjöllun um það hve sjaldgæft vanraust er sem viðbrögð við meintu eða sönnuðu broti eða afglöpum ráðherra er oft vísað til þess að stjórnmálflokkar knýi menn til afsagnar áður en til vanrausta kemur ef mál er svo alvarlegt að hætta sé á slíku. Hér á landi eru a.m.k. þrjú dæmi í seinni tíð um að ráðherrar hafi beðist lausnar beint eða óbeint vegna gagnrýni á störf þeirra.¹⁸ Því má halda fram¹⁹ að umraður um gagnrýniverða embættisfærslu ráðherra, hvort sem þær hefjast vegna fyrirsprungar, skýrslu, álits umboðsmanns eða

15 Í íslenskum fræðiritum hefur verið talið að stjórn, sem fær á sig vanraust, geti valið hvort hún biðjist lausnar eða rýfur þing og boðar til kosninga. Það er þá byggð á réttarstöðnum í Danmörku en þær er sérstaklega kveðið um þetta í stjórnarskrá. Hér á landi hafa meiri hins vegar aldrei farið þessa leið og 1931 og 1974 lögðu ráðherrar altnokkuð á sig til að rýfa þing áður en vanraust kemni til umraðu. Það bendir til þess að þeim finnist sá kostur, að rýfa þing eftir að vanraust hefur verið samþykkt, verri.

16 Gunnar Helgi Kristinsson örðar þetta svo: „Hin pólitiska ábyrgð er hugleig og hvilir eingöngu á því hvort trúnaður ríki í samskiptum umbjóðanda og fulltrúa hans. Á umbjóðandanum hvílir engin formleg skylda að fara fram sakarefní eða sanna mál sitt ef hann vill losna við fulltrúann. Það nægir að hann hafi misst á honum trúna.“ Gunnar Helgi Kristinsson, „Ráðherraáhætta“, í ritinu *Rannsóknir í félagsvísindum – Félagsvísindadeild*. Félagsvísindastofnun Há 2006, bls. 667.

17 Pannig var borin fram vanrauststillaga á two of þremur ráðherrum í stjórn Jóns Magnússonar árið 1918 og á Magnus Guðmundsson dómsmálaráðherra 1933, og árið 1954 var borin fram vanraust á Bjarna Benediktsson menntamálaráðherra en hann var einnig dómsmálaráðherra.

18 Peir sem hér er vísað til eru Albert Guðmundsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Þjórgvin G. Sigurðsson.

19 Sbr. líka Gunnar Helgi Kristinsson: „Ráðherraáhætta“.

ríkisendurskoðunar geti leitt til þess að stjórnmálflokkar sjái sér helst hag í því að viðkomandi ráðherra víki. Tilgangurinn getur til að mynda verið að flokkurinn í heild verði ekki samsamaður embættisfærslunum; ríkisstjórnarsarstofa haldi o.s.frv. Í þessum tilvikum kemur aldrei til vanrausta, þar sem þingflokkur ráðherrans (eða stjórnmálflokkur) hefur aður tekið af skarið.

Eins og lýst er í skýrslu vinnuhóps um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu er helsti galli þingeftirlitskerfisins hér á landi, að ekkert ferli en til fyrir mál þar sem ráðherra er ásakaður um brot í starfi. Engin sérstök fastanefnd þingsins fer með það hlutverk að fjalla um ásakanir á hendur ráðherrunn og meta hvort ástæða sé til viðbragða og þá er mjög sjaldgæft að umræður innan þingsins um gagnrýniverða og hugsanlega ólöglega embættisfærslu ráðherra fái formlegan endi. Þetta er andstætt því sem gerist í Danmörku og Noregi þar sem umraðum um meint embættisbrot ráðherra getur lokið með því að ýmist nefnd, eða þingið sjálf, álykti um að hegðun ráðherrans hafi verið gagnrýniverð eða jafnvældi sennilegt lögbrot.

Í norsku rétti hefur slikt úrræði verið fyrir hendi en lítið notað í seinni tíð.²⁰ Í 12. gr. norsku þskl. eru ákvæði um að eftirlits- og stjórnskipunarnefnd þingsins skuli undirbúa mál þar sem reyna kann að stjórnskipulega ábyrgð og leggja grundvöll að ákvörðun þingsins. Þar segir einnig, að telji nefndin augljóst að saksókn þjóni ekki tilgangi geti hún ákvæðið að leggja ekki erindi um stjórnskipulega ábyrgð fyrir Stórtþingið. Í slíkum tilvikum getur þó þriðjungur nefndarmanna krafist þess að slík ákvörðun sé lögd fyrir þingið. Par kemur þá væntanlega fram hver málSATVÍKIN voru.²¹

Í Danmörku er um tvö slík úrræði að ræða. Annars vegar er hægt, sbr. 1. mgr. 24. gr. þskl., að leggja fram stutta tillögu til ályktunar eftir stefnuræðu forsetfisráðherra eða umraðu um fyrirsprungur samkvæmt 21. gr. þskl. Tillagan skal vera innan við 150 orð og henni skal beint til ríkisstjórnarinnar. Aðeins eina slika tillögu er hægt að samþykka við hverju umraðu. Á hinn böginn hefur þingskapamefnd danska þingsins (Udvalget for forretningsordenen) það hlutverk að meta hvort kalla eigi eftir pólitiskri eða lagalegri ábyrgð ráðherra. Hún skal, samkvæmt 54. gr. sömu laga, fjáll um mál sem gefa tilefni til að ætla að reyni á ábyrgð ráðherra, hvort heldur eftir að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu. Hún athugar því ekki aðeins hugsanlega lagalega ábyrgð heldur pólitiska líka. Fyrir hefur komið að hún átelji ráðherra fyrir

20 Sjá *Rapport til Stortinget fra utvalget til å utrede Stortingets kontrollfunksjon*. Dokument nr. 14 (2002-2003), (hér eftir „Froiland-skýrsla“), bls. 110-111.

21 Sjá 9. tl. 12. gr. norsku þingskapalöganna, nr. 4296 frá 21. apríl 1966, með síðari breytingum: „Komiteen kan dessuten vedta at en henvendelse ikke skal fremlegges for Stortinget når de forhold den omhandler åpenbart ikke kan føre til noe. Henvendelsen skal legges frem for Stortinget ved innstilling dersom en tredjedel av komiteens medlemmer krever det.“

störf þeirra, sbr. t.d. ályktun nefndarinnar frá því í maí 2009 um tiltekna embættisfærslu skattaráðherrans, en þá sagði nefndin:

Udvalget for Forretningsordenen udtrykker stærk kritik af, at Skatteministeriet således har håndhævet bestemmelserne i L 154, inden lovforslaget var vedtaget, stadsfestet og kundgjort. Udvalget finder, at det påhviler statsministeren at tilrettelægge regeringens arbejde, så der ikke sker gentagelser i fremtiden.²²

Í danskri fræðilegri umræðu hefur verið gengið svo langt að telja að í pólitískri ábyrgð felist ekki eingöngu vantraust heldur allt frá pólitískum kurr vegna embættisfærslu til vantrausta. Sómuleiðis segir í Freiland-skýrslunni norsku um þingeftirlit frá 2002 að mikilvægasta úrræði þingsins til að koma fram ábyrgð að hendir ráðherrum og ríkisstjórn sé óformleg gagnrýni í þinginu.²³ Það hljóti að leiða af þingræðisskipulaginu að ráðherrar séu viðkvæmir fyrir slíkri gagnrýni. Þetta komi ekki síst til af því að gagnrýnnini fylgi oft nýjar reglur um viðkomandi efni.

Ef tekið er mið að þessu, og horft bæði til þingræðisreglunnar og þingeftirlits við afmörkun pólitískrar ábyrgðar, nær hún yfir skalann frá óformlegri gagnrýni í þinginu, til formlegrar gagnrýni þar, afsagnar og samþykkтар vantrausta. Það þvelist reynar fyrir höfundir þessarar greinar, að telja óformlega gagnrýni þátt í pólitískri ábyrgð, þar sem hún felur varla í sér „ábyrgð“ í þeim skilningi að endurspeglar afleiðingu af gerðum manna, heldur er frekar undanfari slíks. Engu að síður eru réttarreglum um hana gerð skil hér á eftir.

5. RÉTTARSTADAN VARDANDI PÓLITÍSKA ÁBYRGÐ OG ENDAMÖRK LAGAREGLNA UM HANA

Hér verður fyrst fjallað um mismunandi þætti pólitískrar ábyrgðar, framkvæmd þeirra og þær reglur sem um þá gilda. Svo verður vikið að því hvað sé yfirleitt hægt að reglubinda.

5.1. Vantrauststillögur²⁴

Möguleiki þingsins að samþykka vantrauststillögur og skylda ríkisstjórnar og ráðherra til að víkja fyrir vantrausti eru „kjarni þingræðisreglunnar“ eins og Gunnar G. Schram orðar það.²⁵ Eins og lýst

22. Hér tekið úr „Minister får næse for skattereform“. Politiken 6.5.2009: <http://politiken.dk/politik/article704866.ece>

23. Sjá *Freiland-skýrsluna*, bls. 110.

24. Þessi kafli er styttrur og breyttur kafli úr skýrslu áðurnefnds vinnuhóps, sjá *Eftirlit Alþingis með frakvaendardaraldini*, bls. 212-214.

25. Sjá t.d. Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarrettur*, bls. 149; Jóhs. Andenaes: *Statsforfatningsmislitsvotum i Norge*. Oslo 1998, bls. 142. („Det avgjørende er altså regeringens plikt til å vike for et tønner og regulering. Kaupmannahöfn 1999, bls. 180.

var eru vantrauststillögur í sumum tilvikum úrræði vegna meintra embættisbrota ráðherra.

Tillögur um vantraust eru bornar upp sem þingsályktunartillögur og ræddar við eina umræðu, sbr. 2. mgr. 44. gr. þingskapalaga nr. 55/1991. Þær er hægt að bera upp hvort sem er á einstakan ráðherra eða ríkisstjórnina í heild, sbr. sömu grein. Í framkvæmd hafa vantrauststillögurnar sjálfa sjaldnast haft að geyma rökstuðning.

Í framkvæmd hafa verið lagðar fram tillögur um vantraust á einstakan ráðherra. Þannig var borin fram vantrauststillaga á two af þremur ráðherrum í ríkisstjórn Jóns Magnússonar árið 1918 og á Magnús Guðmundsson dómsmálaráðherra 1933 og árið 1954 var borið fram vantraust á Bjarna Benediktsson menntamálaráðherra einan, fyrst og fremst vegna embættisveitinga hans.²⁶ Engin þessara tillagna náiði fram að ganga. Slikar tillögur eru sjaldgæfar í framkvæmd en tillögur um vantraust á ríkisstjórn í heild en vakni grunur um brot einstaks ráðherra í starfi hentar vantrauststillaga á viðkomandi ráðherra einan betur sem viðbragð heldur en tillaga um vantraust á ríkisstjórnina í heild.

Hér vaknar því sú spurning hvort það þurfi að vera sérstök rök fyrir vantrauststillógu á stakan ráðherra eða hvort Alþingi geti samþykkt hana af hvaða ástæðu sem er eða jafnvel engri annarri en að þa vilji frekja annan ráðherra?²⁷ Vegna þess að vantrauststillaga á einstakan ráðherra getur verið úrræði vegna meintra lögbrotta hefur því verið halddið fram í hinni pólitísku umræðu að vantraust á einstakan ráðherra verði ekki borið fram nema fyrir því séu „mikilvæg, alvarleg og sérstæð rök“,²⁸ og þá byggt á því að vantraust á ríkisstjórn í heild sé pólitísk aðgerð en að vantraust á einstakan ráðherra sé „þungur persónulegur áfellisdómur um viðkomandi ráðherra og er því um að ræða slíkt alvörumál að fáttítt er að stjórnarandstaða standi fyrir slíku“.²⁹ Þrátt fyrir þessi ummæli er Alþingi sennilega heimilt að samþykka vantraust á einstakan ráðherra af hvaða ástæðu sem er.³⁰

Að því er snertir rök fyrir tillögu og greinargerð um þau er við litla framkvæmd að styðjast. Ekki verður séð að nein umræða hafi verið um þetta atriði á þingi önnur en ummæli þeirra tveggja þing-

26. Lögð var fram breytingartillagi þess einfis að vantrausti skyldi beint að ríkisstjórninni í heild. Hún var feld. Sjá Alþ. 1954, D, dk. 377.

27. Þess má geta að framlagning sliðrar tillögu og umræður um hana – jafnvel þótt óliklegt sé að tillagan verði samþykkt – er einn hluti viðbragða þingsins þegar grunur um að ráðherra hafi brotið að sér í starfi, sbr. líka það sem segir um óformlega gagnrýni þingsins á embættisathafnir hér á eftir.

28. Alþ. 1954, D, dk. 367. Raða Jóhanns Hafsteini.

29. Sjá www.althingi.is/altext/118/10/r24204944.sgml. Raða Daviðs Oddssonar.

30. Sjá Gunnar Helgi Kristinsson: „Ráðherraáhætta“, bls. 667-668 og Ragnhildi Helgadóttur: „Framkvæmd þingræðisreglunnar“. Í ritinu *Þingræði á Íslandi i 100 ár*, vœtanlegt 2010.

manna sem rakin voru hér að ofan. Í reynd munu þingmenn sem leggja fram slíka tillögur væntanlega alltaf leitast við að rökstyðja hana pannig að kjósendur samþykki eða styðji aðgerðir þeirra.³¹ Þannig mun ráðherrann í reynd fá tækifað til að bera af sér sakir. Vegna þeirrar heimildar sem þingið hefur til að samþykka vantraust án ástæðu liggur hins vegar ekki lagaleg skylda hér að baki. Það er pólitískur veruleiki en ekki lagaskylda sem leiðir til þess að slíkar tillögur yrðu oftast rökstuddar og ráðherrann fengi tækifað til að bera hönd fyrir höfuð sér. Það að um slíkan andmælaraðr herra og varnir – og rökstuðning fyrir beitingu vantrausta sem úrræðis vegna meinra lögbrota – segi ekkert í lögum er óvenjulegt og helgast af hinu tvíþætta eðli vantrausta sem áður var lýst. Í skýrslu áðurnefnds vinnuhóps var bent á þetta, en það var skoðun hópsins að ekki aettí að takmarka heimildir þingmanna til að bera fram og samþykka vantraust.

Iðönskum rétti hefur því verið heldið fram, að lagalega og pólitíská ábyrgðin hafi í reynd orðið eitt, því ekki sé samþykkt vantraust á einstakan ráðherra nema vegna lögbrota.³² Þessu hefur síðar verið mótmælt í Danmörku og sömuleiðis má deila um það hvort það sé æskilegt að þingmenn geri eingöngu þær kröfur til ráðherra sem leiða má af settum lögum. Eins og lýst var er ekki við framkvæmd að styðjast í þessu efni hér á landi, því ekki hefur verið samþykkt vantraust á einstakan ráðherra síðan þeir urðu fleiri en einn 1917. Eins og lýst verður í næsta lið hafa ráðherrar hins vegar þurft að segja af sér eftir mikla gagnrýni á embættisfærslu þeirra og þá í sumum tilvikum án þess að því hafi verið heldið fram að þeir hafi brotið lög.³³

5.2 Ráðherra víkur án vantrausta

Í reynd hefur aldrei verið samþykkt vantraust á einstakan ráðherra og ráðherraskipti hafa því ávallt orðið af öðrum ástæðum. Ráðherra gæti verið leystur frá embætti gegn vilja sínum með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrá, eða með dómi vegna embættisbrots, sbr. 11. gr. ráðherraábyrgðarlaga nr. 4/1963, en engin dæmi eru heldur um það í framkvæmd hér á landi.

Hins vegar eru mörg dæmi um að ráðherrar biðjist lausnar af öðrum ástæðum. Í einhverjum tilvikum er þá verið að bregðast við gagnrýni á störf ráðherra og jafnvel við umræðu um meint brot hans í

31 Sjá *Friðland-skýrsluna*, bls. 108.

32 Sjá Jens Peter Christensen: *Ministeransvar*. Kaupmannahöfn 1997 og Gunnar Helgi Kristinsson: „Ráðherraáhætta”, bls. 668.

33 Þetta gildir bæði um Guðmund Arna Stefánsson (sem ekki var heldið fram að hefði brotið lög) og Björgvin G. Sigurðsson (sem ekki liggur fyrir að hafi brotið lög) auk e.t.v. fleiri.

starfi. Í slíkum tilvikum er stundum um það að ræða, sbr. það sem sagt var í kafla 3, að þingflokkur eða stjórnmálaflokkur lítur svo á að það þjóni ekki hagsmunum hans að viðkomandi einstaklingur gegni ráðherraembætti vegna þeirrar gagnrýni sem hann hefur fengið.³⁴

Um þessi tilvik gilda ekki réttarreglur. Það er mál viðkomandi stjórnmálafloks og viðkomandi einstaklings hvort og hvenær látið er undan pólitískum þrýstingi og ráðherra „skipt út“. Náist ekki samkomulag þar um kanni það að enda með því að vantraustastillaga verði samþykkt á ráðherrann vegna þess að samflokksmenn hans eða aðrir stjórnarliðar verji hann ekki lengur vantrausti. Það myndi þá leiða til þess að honum bæri skylda til að víkja úr embætti en um það stig málssins sem hér er rætt gilda ekki almennar réttarreglur.³⁵ Í skýrslu áðurnefnds vinnuhóps var bent á þetta, en það var skoðun hópsins að ekki væri ástæða til að setja frekari reglur um þetta efni.

Nú má itreka að það kann að virðast eðlileg spurning hvort ástæða sé til að ræða – hér í Tímariti lögfræðinga – úrræði sem ekki gilda um réttarreglur og sem ekki er einu sinni lagt til að um gildi réttarreglur. Og enn má þess vegna itreka að þetta úrræði hefur í íslenskum stjórnálum leyst vantraust á einstakan ráðherra af hólmi. Og það hlýtur að skipta mál fyrir lögfræðilega umræðu að vita hvaða úrræði koma raunverulega til framkvæmda, jafnvel þótt þau séu ekki lögþundin, og verða pannig til þess að ekki reynir að þau úrræði sem gert er ráð fyrir í lögum. Þá eru á stundum skýrtengsl milli þessara atburða og eftirlits þingsins eða eftirlitsstofnana þess. Slik mannaskipti ákvæðin af flokkunum geta verið viðbrögð við þingeftirliti og eftir atvikum annarri utanaðkomandi gagnrýni á embættisfærslu ráðherrans.

5.3 Óformleg gagnrýni í þinginu

Um gagnrýni á embættisfærslu ráðherra yfirleitt gilda almennar reglur um tjáningarfrelsí, sbr. m.a. 73. gr. stjórnarskráinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að teknu tillit til þeirrar sérstöku verndar sem fjölmöldum og opinberri umræðu um mikilsverð mál sem varða almenning er veitt. Úm gagnrýni innan þings gilda auðvitað séreglur um málfrelsí þingmanna sbr. 2. mgr. 49. gr. stjórnarskráinnar þar sem segir að „[enginn] alþingismaður [verði] krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi“. Þetta gildir meðal annars starfi í þingnefnda og öðru þingeftirlitsstarfi þingmanna. Með hliðsjón af þessu ákvæði og

34 Sjá líka Gunnar Helgi Kristinsson: „Pólitiskt umboð og ábyrgð ráðherra á Íslandi“. Í ritinu *Rannsóknir í félagsvisindum VI – lagadeild*, Félagsvisindastofnun HÍ 2005, bls. 214-215.

35 Sjá sömu heimild.

ákvæði 48. gr. stjórnarskráinnar um að þingmenn séu aðeins bundnir af sannfæringu sinni er ekki ástæða til að fylla frekar um „óformlega“ gagnrýni þingmanna á embættisfærslu ráðherra. Þeir þurfa að sjálfsögðu – tali þeir í þingsal – að fylgja almennum reglum þing-skapa en stjórnarskráin tryggir þeim rétt til að gagnrýna og ræða embættisfærslu ráðherra mjög opinskátt. Þetta er líka í samræmi við bæði þingræðisskipulagið og það að ráðherrar „eiga samkvæmt embættistöðu sinni sæti á Alþingi“ eins og segir í 51. gr. stjórnarskráinnar. Fyrir því eru m.a. þau rök að þeir standi fyrir máli sínu gagnvart þinginu og haldi því upplýstu.

Hér á landi er staðan sú að gagnrýni á embættisfærslu ráðherra kemur oft fram í umræðum um skýrslur eða einstök alit umboðsmanns Alþingis, um skýrslur ríkisendurskóðunar, vegna skýrslna ráðherra (sbr. 45. og 46. gr. þskl.) og í almennum umræðum í þingsal, sbr. m.a. 50. gr. þskl. um „óundirbúnar“ fyrirspurnir til ráðherra og utandagskrárumráður, auk þess sem embættisfærsla ráðherra kemur stundum til umræðu í nefndum í tengslum við mál sem þær hafa til meðferðar. Þá ku hafa tilkast að leggja fram vantrauststil-lögur beinlinis í því skyni að fá fram umræðu um embættisfærslu ráðherrans. Slík umræða hefur eftirlitshlutverk í sjálfu sér, sbr. kafli 5.1. Það skiptir að sjálfsögðu máli að ráðherra getur átt von á fyrir-spurnum um embættisfærslu sína og athugasemduum við hana í umræðum á þingi eða í nefndum.

5.4 Formleg gagnrýni á embættisfærslu ráðherra

Eins og lýst var í kafla 3 er gert ráð fyrir því bæði í dönskum og norskum stjórnskipunarrétti, að þingið geti lokið þingeftirlitsmáli með því að samþykka einhvers konar ályktun um embættisfærslu ráðherra.

Staðan er sú, sbr. það sem sagði um óformlega gagnrýni í kafla 5.3, að annað hvort bregst Alþingi við ásökunum á hendur ráðherra með óformlegum umræðum og fyrirspurnum, sem lýkur tímans vegna og án afgreiðslu, eða beinlinis er lagt fram vantrauststillaga. Samþykkt vantrauststillogu er pólitiskt afdrifaríkt úrræði sem leiðir til þess að sé meint brot ekki þeim mun alvarlegra er líklegt að stjórnarþingmenn vilji ekki styðja vantraust á ráðherra. Þar með er eina formlega afgreiðslan, sem hér hefur tilkast til þess að koma fram pólitískri ábyrgð, úr sögunni.

Vegna þessa var það skoðun vinnuhópsins að það væri ástæða til þess að þingmenn mætu hvort æskilegt væri að nota þingsálykt-unartillögur í ríkari mæli til að afgreiða umræður um embættis-færslu ráðherra, í líkingu við það sem tilkast í Danmörku og lagt

var til í Frøiland-skýrslunni að skoðað yrði að beita frekar.³⁶ Þetta væri hægt að gera án lagabreytinga t.a.m. með því að lögð sé fram tillaga þess efnis að Alþingi telji tilteknar athafnir eða athafnaleysi ráðherra orka tvímælis, vera gagnrýniverðar eða jafnvél vitaverðar. Um tillöguna yrðu svo umræður eftir almennnum reglum þó einnig megi hugsa sér að gera breytingu á þingskapalögum þannig að um þær gildi sömu málsmæðrarreglur og um vantrauststillogur, sbr. 2. mgr. 44. gr.

5.5 Ályktanir

Hvaða ályktanir getum við þá dregið af þeim þáttum sem saman mynda pólitiska ábyrgð ráðherra hér á landi?

Úrræðin sem um ræðir eru umræður á þingi, þingsályktunartil-lögur, og að forsætisráðherra biðjist lausnar fyrir einstakan ráðherra. Í fyrra lagi er mikilvegt að engin lagaskilyrði eru fyrir beitingu þessara úrræða. Um form þeirra allra gilda lagareglur og um afleið-ingar þeirra, ef einhverjar eru, líka. Það gilda hins vegar engar reglu um skilyrði þess að úrræðunum verði beitt: Vantraust er hægt að samþykka af hvaða ástæðu sem er eða engri; umræður geta verið byggðar á tömu þvaðri; stjórnmalaflokkar geta skipt ráðherra út af hvaða ástæðu sem er, þ.m.t. að þeir vilji frekar að maður sem telst minna hæfur eftir þeim mælikvörðum sem notaðir eru í starfs-mannarétti komist í ráðherrastól, eða engri.

Öll þessi úrræði eiga það þannig sameiginlegt að engar lagareglur gilda um það hvener að hvers vegna þeim verði beitt, engin lagaskilyrði eru fyrir beitingu þeirra. Í því, og nákvæmlega því, felst það að þetta er pólitisk ábyrgð. Það er skoðun míni að það sé engar reglu hægt að setja um lagaskilyrði pólitískrar ábyrgðar. Þar verður einfaldlega að láta hinn pólitísku veruleika ráða. Hins vegar er það m.a. lögræðinnar að meta hvernig núverandi úrræði nýast, hvort eigi að endurskoða formreglurnar sem um þau gilda, setja reglu sem beina pólitísku ábyrgðinni í nýjan farveg o.s.frv. Það er að sjálfsögðu þannig, rétt eins og fram kemur í skýrslu vinnuhóps-sins, að með því að breyta eða endurskoða reglur um form pólitískrar ábyrgðar er hægt að ýta undir hana og sennilega fera áherslur af einu a annað.

Hér skiptir einnig máli að viðurkenna endamörk lögfraðinnar. Það er hvorki gerlegt né aeskilegt að lögbinda stjórnmalalífið (eða lífið yfirleitt) algerlega. Það verður að treysta á að lögum til fyllingar noti menn samvisku sína og siðferðilega dómgreind. Af sömu ástæðu verða lögfraðingar að vara sig að lita ekki svo á að pólitísku

³⁶ Um súkar tillögur í Noregi, má visa til *Freiland-skýrslunum*, bls. 110-111.

ábyrgðin lúti sömu lögmálum og sú lögfraðilega, t.d. um vanhæfi, hlutlausa máls- og úrskurðaraðila, andmælarétt, jafnræði o.p.h., sbr. líka umfjöllun hér áður um það hvort lagaleg og pólitísk ábyrgð hafi fallið saman í Danmörku. Pólitíská ábyrgðin mun alltaf hitta ráðherra misjafnlega fyrir eftir því hve sterk staða þeirra er. Sömu leiðis felst beinlínis í þingræðisreglunní að þingmenn – ekki sérfræðingar – taka ákvörðun um vantraust. Þó það sé önnur saga, sem ekki verður rædd frekar hér, felst einnig í stjórnarskránni að þingmönnum ber að taka ákvörðun um saksókn á hendur ráðherra. Þar skiptir engu þótt um sé að ræða pólitískan samherja eða andstæðing.

6. HELSTU UMHUGSUNARATRIÐI OG SAMANTEKT

Hér á landi er hefð fyrir sterkum meirihlutastjórnunum. Það hefur orðið til þess, að átakalínurnar í íslenskum stjórmálum liggja frekar milli meirihluta þings og ráðherra annars vegar og minnihluta þingsins hins vegar, heldur en milli handhafa löggjafar- og framkvæmdarvalds.³⁷ Þetta hefur auðvitað gríðarmikil áhrif á það hvernig þingeflirlit fer fram og það er m.a. með hliðsþón af þessu sem áðurnefndur vinnuhópur lagði til að minnihluta þingnefndar, eða a.m.k. sérstakrar eftirlits- og stjórnskipunarnefndar, yrðu fengin akveðin völd til að koma í gang eftirlitsmáli.

Pessi staðreynð hefur líka mikil áhrif á inntak pólitísku ábyrgðarnar, eins og áður er lýst. Í reynd þyrfti afar mikil til að koma til að vantraust yrði samþykkt á einstakan ráðherra: Forsætisráðherra gæti varið hann með því að lýsa því yfir að vantraust á einn ráðherra jafngilti vantrausti á ríksstjórnina í heild. Þó svo væri ekki gert myndi atkvæðagreiðsla stjórnarþingmanna með vantrausti á einstakan ráðherra oft valda vandræðum í eða sílum stjórnarsamstarfs. Það er þannig engan veginn án afleiðinga fyrir stjórnarþingmenn að samþykjkja vantraust, þó á einstakan ráðherra sé. Þá er ólíklegt að vantrausti verði beitt á einstaka ráðherra vegna þess að sé staða þeirra mjög veik eða sitji þeir undir mikilli gagnrýni borgar sig fyrir (þing)flokkinn þeirra að þeir láti af störfum án þess að samþykkt sé á þá vantraust. Ættum við þá einfaldlega að horfast í augu við það að pólitískur veruleiki á Íslandi valdi því að pólitíská ábyrgðin sé ekki raunhaef nema inni í flokkunum?

Hér er rétt að koma aftur að því, að með reglum er hægt að beina pólitískri ábyrgð eða úrræðum í einn farveg frekar en annan, þó engar reglur verði settar um skilyrði þess að pólitískri ábyrgð verði komið fram. Sú ábending vinnuhópsins, að unnt sé að beina

³⁷ Sjá Þorsteinn Magnússon: „Alþingi í ljós í samþættingarlöggjafarvalds og framkvæmdarvalds“. *Tímarit lögfræðinga* 2005, bls. 197-228.

gagnrýni í formlegan farveg með því að leggja fram og ræða þingsályktunartillögur sem fela í sér missterka gagnrýni á embættisfærslu ráðherra – og tillögur um að e.t.v. mætti skerpa á slíku úrræði í þingskapalögum – byggist m.a. á því að með henni verði skorið á milli gagnrýni á embættisfærslu ráðherra og „lifs“ ríkisstjórnarinnar. Það gefi stjórnarþingmönnum svigrúm til að koma fram pólitískri ábyrgð á hendur ráðherra sem þeir tæpast hafa núna.³⁸ Þegar haft er í huga að öllum þingmönnum ber skylda til að sinna eftirlitshlutverki þingsins; að þeir hafa (hvar í flokki sem þeir standa) öll lagaleg úrræði til að koma fram ábyrgð á hendur ráðherranum þó að einungis stjórnarandstöðuþingmenn eru líklegir til þess að beita sér, virðist skynsamlegt að beina pólitískri ábyrgð í mildari farveg en vantraust. Það eykur líka þungann í þingeflirlitinum að það geti leitt til pólitískra afleiðinga, en í númerandi fyrirkomulagi eru líkurnar á því mjög litlar, eins og aður er lýst.

Aðalatriðið hér eru þó ekki tillögur um úrbætur, heldur sú kenning að það skipti máli í stjórnskipunarréttinum að menn hugsi lögfræðilega um inntak og framkvæmd pólitískrar ábyrgðar. Pólitísk ábyrgð er einn þeirra þáttu sem hefur móttandi áhrif á stjórnskipunina í heild sinni og samspil löggjafar- og framkvæmdarvaldshafa sérstaklega. Það, að engin lagaskilyrði gildi um hana, þýðir engan veginn að það móttist ekki að lögum hvaða farvegur velst fyrir hana og að hún hafi fyrir sitt leyti ekki áhrif á réttinn.

HEIMILDASKRÁ:

Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu – Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fóli að fara yfir nágildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat að hvort breyttinga sé þörf. Alþingi, Reykjavík 2009.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. Háskólastofan 1999.

Gunnar Helgi Kristinsson: *Pólitískt umboð og ábyrgð ráðherra á Íslandi*. Í ritinu *Rannsóknir í félagsvísindum VI – lagadeild*, Félagsvísindastofnun Há 2005, bls. 213-228.

Gunnar Helgi Kristinsson: „Ráðherraáhætta“. Í ritinu *Rannsóknir í félagsvísindum – Félagsvísindadeild*. Félagsvísindastofnun Há 2006, bls. 661-672.

Jens Peter Christensen: *Ministeransvar*. Kaupmannahöfn 1997.

Johns Andenæs: *Statsforfatningen i Norge*. Oslo 1998.

Henrik Palmer Olsen: *Magtfordeling*. Kaupmannahöfn 2005.

Henrik Zahle: *Dansk Forfatningsret I – Institutioner og regulering*. Kaupmannahöfn 1999.

Hironori Yamamoto: *Tools for Parliamentary Oversight – A Comparative Study of 88 National Parliaments*. Genf 2007.

Jens Peter Christensen: *Ministeransvar*. Kaupmannahöfn 1997.

„Minister får næse for skattereform“. Politiken 6.5.2009. <http://politiken.dk/>

³⁸ Þetta gildir a.m.k. um þingmenn samstarfsflokkins – samflokksmenn ráðherrans gætu væntanlega beitt sér gegn honum á vettvangi flokkins.

[politik/article704866.ece](#)

Olafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. Hlaðbúð 1960.

Per Helset og Björn Stordrange: *Norsk statsforfatningsrett*. Oslo 1998.

Ragnhildur Helgadóttir: „Framkvæmd þingræðisreglunnar“. Í ritinu *Þingræði á Íslandi í 100 ár*, væntanlegt 2010.

Rapport til Stortinget fra utvalget til å utrede Stortingets kontrollfunksjon. Dokument nr. 14 (2002-2003).

Þorsteinn Magnússon: „Alþingi í ljósi samþættingar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds“. *Tímarit lögfræðinga* 2005, bls. 197-228.